

Sb.

132. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Flm.: Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta sumri ýtarlega rannsókn á því, hvort mögulegt sé að gera höfn við Dyrhólaey.

Greinargerð.

Um aldamótin síðustu mun fyrst hafa komið til tals að athuga hafnarstæði við Dyrhólaey, og þá voru það erlendir menn, Englendingar, sem buðust til þess að byggja þar hafskipahöfn, gegn því skilyrði að mega fiska í landhelgi á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Ingólfshöfða um nokkra áratugi. Þetta leyfi fékkst ekki, og voru þar með þær áætlanir Englendinga úr sögunni. Svo á Alþingi 1942 var samþykkt ályktun um athugun á lendingabótum við Dyrhólaey eða Dyrhólaós, en úr þeim athugunum mun lítið eða ekkert hafa orðið.

Allt síðan þetta kom fyrst til tals, hefur það verið óskadraumur Skafftellinga og eflaust líka margra fiskimanna, að þarna við Dyrhólaey yrði gerð höfn. Enda mun það svo, að þó víða á landinu sé þörf hafnarbóta, yrðu eflaust flestir eða allir menn sammála um það, að hvergi sé hafna meiri þörf en við suðurströndina, ef kleift væri að gera þær, þar sem strandlengjan frá Reykjanesi til Hornafjarðar er sem allir vita að mestu leyti hafnlaus. Ef nokkurs staðar á þessu svæði væri mögulegt að gera höfn, þá er Dyrhólaós legu sinnar vegna mjög heppilegur, fyrst og fremst sem fiskihöfn. Sjávargrunnið frá næstu fiskimiðum við Vestmannaeyjar og allt til Hornafjarðar er mjög lítið notað af íslenskum fiskiskipum. En á öllu þessu svæði eru á vetrarvertíð afarmiklar fiskigöngur, sérstaklega af stórum þorski, og svo nærtæk fiskimið, að óvíða eða jafnvel hvergi mundi jafnskammt að sækja á mið. Sem dæmi um, hversu nærri landi þessar fiskigöngur fara, má geta þess, að alloft á vetrarvertíð, eða frá því í marz og það fram í maímánuð, er það algengt, að þorskurinn syndir upp í fjöruna og dagar þar uppi, kemur fyrir í hundraðatali. Líka má geta þess, að með söndunum eru líkur til, að oft sé mikil síld, frá því á vetrarvertíð og allt fram í ágústmánuð. Er um hana eins og þorskin, að stundum hleypur hún í land í talsverðum torfum, og oft nokkuð kemur það fyrir, að hún fer inn í Dyrhólaós og veiðist þar í silunganet. Í fyrra sumar (1946) óð síldin í stórum torfum á Vík í Mýrdal dag eftir dag í ágústmánuði, og mátti sjá torfurnar úr fjörunni. Þegar þetta er athugað, má gluggt sjá, hversu mikilvægt það væri fyrir landið í heild, að þarna við Dyrhólaey væri höfn, sem mögulegt væri að stunda fiskveiðar frá.

Hvað við kemur samgöngum þarf ekki að lýsa því, hversu mikill hagur Vestur-Skaftafellssýslu og austurhluta Rangárvallasýslu væri að höfn við Dyrhólaey, þar sem, eins og kunnugt er, flutningaleiðir á landi eru 200—325 km langar í Vestur-Skaftafellssýslu, og flytja verður alla flutninga þessa löngu leið, bæði aðflutta vöru og eins afurðir héraðsins til sölustaða.

Með tilliti til ræktunar-skilyrða væri Dyrhólaós vel settur sem höfn, hann er í miðjum Mýrdal, sem er ein með beztu og búsaeldarlegustu sveitum á Suðurlandi. Ræktunarland er þar gott og auðunnið; líka mundu þar möguleikar til rafvirkjunar allnærri. Enn hvort tveggja þetta eru mikilsverð skilyrði á þeim stöðum, þar sem þorp myndast og fólksfjölgun á sér stað.

Að öllu athuguðu virðist það vera mikið atriði fyrir atvinnulíf landsmanna í heild og afkomumöguleika mikils hluta Suðurlands að fá úr því skorið með ýtarlegri rannsókn, hvort ekki sé mögulegt að gera höfn við Dyrhólaey.

Ég hef talað um þetta við vitamálastjóra, og hefur hann tekið vel í málið.